

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Ágrip af skólasögu

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ er ungur að árum. Hann varð til sem sjálfstæð stofnun í ágústmánuði 1984, og við þau tímamörk er grein þessi miðuð. Einhverjum þykir ef til vill fullsnemmt að víða að efni í sögu skólans, en það varð þó að ráði, á meðan heimildir eru nokkurn veginn auðfundnar og þeir menn nálægir, sem glögg muna aðdraganda skólans og upphafsár.

Í meginmáli er vísað í heimildir innan sviga. Það er bæði gert fyrir þá, sem vilja kynna sér efnið frekar og einnig til að renna stoðum undir það, sem sagt er. Í lokin er heildarskrá yfir þær heimildir, sem notaðar hafa verið, bæði prentaðar og óprentaðar. Nokkrar skammstafanir koma fyrir í tilvitnunum, og eru þessar helstar: Sn. (skólanefnd

Garðaskólahverfis, fundargerð), F.G. (Fjölbrautir Garðaskóla, skjalasafn), B.G. (Bókasafn Garðabæjar), Mn. (menntamálaráðuneytið, skjalasafn) og Þ. Í. (Þjóðskjalasafn Íslands). Hins vegar er ekki vitnað jafnóðum í heimildarmenn, enda eru þeir ekki gerðir ábyrgir fyrir því, sem missagt kann að vera í grein þessari.

Fáar stofnanir eru í eins nánnum tengslum við samtíð sína og umhverfi og skólar. Þess vegna verður reynt að skyggjast eilítið um og skoða fleira en það eitt, sem snertir beinlínis málefni fjölbrautaskólans. En skólar eiga sér einnig rætur í djúpum jarðvegi sögunnar. Við skulum því fyrst líta um öxl og bregða okkur aftur í aldir.

Biskupinn í Görðum og Bessastaðaskóli

Árið 1842 tók séra Árni Helgason, stiftprófastur í Görðum, saman lýsingu á Garðaprestakalli að beiðni Hins íslenska bókmenntafélags í Kaupmannahöfn. Það var þá að láta vinna að heildarlýsingu Íslands og hafði sent sýslumönnum og sóknarprestum um land allt langa spurningalista. Svör þeirra áttu síðan að verða stofninn að þessu mikla verki. Á lista Bókmenntafélagsins var ekki beinlínis spurt um bóklegar menntir sóknarbarna, heldur var innt eftir því, hversu margir væru skrifandi. Þessu svarar séra Árni: "Það veit ég ekki. Margir kunna að draga til stafs, en ekki skrifa allir þeir vel. Þó finnast þeir, bæði í bændu og húsmanna röð, sem skrifa betur en sumir lærðir" (Árni Helgason: "Lýsing Garðapresta-kalls 1842", 216).

Þetta verður að kallast loflegur vitnisburður um skriftarkunnáttu alþýðufólks á þeirri

tíð. Vera má, að hreppsþúar hafi notið þess, að á nésinu hafði fyrr á öldinni verið barnaskóli, um tíma hinn eini sinnar gerðar á landinu. Barnaskólans á Hausastöðum verður getið síðar.

Séra Árni gefur lítið út á siðferði Garðbæinga, segir það viðlíka og annars staðar þar í kring. En um trúrækni þeirra hefur hann ákveðnar skoðanir: "Ekki fer útvortis trúrækni fram, um þá innri þori ég ekki að dæma." Hér kveður prófasturinn upp harðan dóm, ekki síst í ljósi þess, að í næsta nágrenni var lærdur skóli, sem bjó nemendur undir að predika guðs orð.

Lærðir skólar höfðu verið við biskupsstólana gömlu, Skálholt og Hóla, frá öndverðu. Árið 1784 lagði Suðurlandskjálfti Skálholtsstað næstum í rúst, og var þá ákveðið að flytja skólann til Reykjavíkur. Skólinn í Reykjavík tók til starfa í nýreistu húsi á Hólavelli 1786. Hólastóll var lagður niður með konungsúrskurði 1801, og skólinn sameinaður þeirri stofnun, sem þá var í Reykjavík. Af Hólavallarskóla er mikil raunasaga. Kom þar bæði til drykkjuskapur nemenda og kennara og lélegt húsnæði, þó að nýtt ætti að heita. Reyndar fylgdist þetta að, því að bæði nemendur og kennarar töldu sig þurfa á brjóstbirtu að halda, þegar vindur gnauðaði úti sem inni á köldum vetrarmorgnum (Bjarni Thorsteinsson, 267). Nú þegar húsnæðismál Fjölbrautaskólans í Garðabæ eru í deiglunni, er ekki úr vegi að rifja upp, hvernig umhorfs var í Hólavallarskóla fyrir tæpum tveimur öldum. Þannig lýsir einn af nemendum skólahúsinu veturinn 1802-1803:

Þegar veður tók að kólna, þá varð kalt í skólanum; þegar snjóá tók úti, þá fór líka að snjóá inni í skólanum, niður á piltá. Tveir ofnar voru í skólahúsinu, en það var ekki til neins að leggja í þá, því að þá hefðu þeir getað hitað upp víða veröld, ef þeir hefðu getað vermt upp grindahjall þann, sem piltar voru settir í. Þeir voru því ekki notaðir. En smátt og smátt fóru piltar að sýkjast; einn lagðist veikur af öðrum, og þegar kennarnir ætluðu inn í skólastofuna, lagðist dragsúgurinn svo þungt á hurðina að innan, að þeir ætluðu varla að geta komist inn í þetta sjúkrahús. (Árni Óla, 218^a219).

Ástand Hólavallarskóla varð til þess, að honum var lokað 1804. Í Reykjavík var um það rætt að koma skólanum fyrir í fangahúsinu á Arnarhóli (þar sem nú er stjórnarráð Íslands) og láta fangana í staðinn hirst í kofanum á Hólavelli. En við nánari athugun, þótti það ekki ráðlegt, og var skólinn fluttur til Bessastaða. Þar var hann vel í sveit settur, fjarri sollinum í Reykjavík og húsakynni sæmileg, en þörfnuðust viðgerðar.

Námsefni og kennsluhættir í Bessastaðaskóla voru um margt frábrugðnir því, sem nú tíðkast. Skólinn var jöfnum höndum latínuskóli og prestaskóli. Einn hluti stúdentsprófs var í því fölginn að predika í Bessastaðakirkju, og gátu brautskráðir nemendur þegið vígslu, þegar þeir höfðu aldur til. Höfuðgreinar voru latína, gríska og guðfræði, en síðan komu landafræði (geometri), stærðfræði (arithmetik) og saga. Hebreska var ætluð þeim, sem hugðu á guðfræði-nám í Kaupmannahöfn. Lítils háttar var kennt í dönsku, en nýju málin svonefndu (þýska, franska og enska) voru að mestu vanrækt. Íslenskur stíll var aðeins kenndur tvisvar í viku í neðri bekk, en var alveg sleppt í efri bekk eftir 1820 (Þorkell Jóhannesson, 381; Vilhjálmur Þ. Gíslason, 152-167). Móðurmálið virðist jafnvel framan af ekki hafa verið í miklum metum, og má nefna sem dæmi, að árið 1807 fóru allir nemendur í efri bekk þess á leit við lektor, að þeir fengju að losna við íslenskan stíl og lesa þýsku í staðinn (Þ. Í. Bréf Steingríms Jónssonar lektors). Það var því fremur einstökum kennurum að þakka, að margir nemendur úr Bessa staðaskóla urðu málhagir menn. Hér ber fremstan að nefna Sveinbjörn Egilsson. Hann var guðfræðingur að mennt, en áhugi hans á fornum fræðum leiddi hann að uppsprettum íslenskrar tungu. Við þýðingar úr grísku gat Sveinbjörn miðlað nemendum af þekkingu sinni og vakið með þeim löngun til að skrifa og tala vandað og gott mál. Í því efni átti hann samleið með þeim mönnum, sem gefist höfðu á vald rómantískri þjóðernisstefnu.

Bessastaðaskóli var ekki einn um að mennta unga menn til stúdentsprófs. Nokkuð algengt var, að guðfræðingar úr háskólanum í Kaupmannahöfn tækju að sér að kenna piltum námsefni til stúdentsprófs og útskrifa þá. Þetta var ekki að öllu leyti löglegt. Latínuskólar og þeir einir, sem hlotið höfðu magistersnafnbót við háskólann í Kaupmannahöfn, máttu veita stúdentsvottorð að fengnu sérstöku leyfi frá skólastjórnarráði Dana. Yfirvöld fóru þó ekki að agnúast út í þetta fyrr en 1830, enda urðu allir nemendur að þreyta inntökupróf í háskólann, hvort sem þeir komu úr latínuskóla eða heimaskóla (Páll Eggert Ólason, 111©112). Baldvin Einarsson var einn af forystumönnum Íslendinga á fyrri hluta 19. aldar. Hann skýrir svo frá í ritgerð 1828, að frá 1820 hafi 40 nemendur útskrifast frá Bessastaðaskóla, en 32 úr heimaskóla á sama tíma (Nanna Ólafsdóttir, 75). Í þessum hópi var Baldvin sjálfur, en hann hafði lokið námi hjá þeim einkakennara, sem mest orð fór af, séra Árna Helgasyni, stiftprófasti í Görðum.

Séra Árni (1777-1869) hafði verið mikill námsgarpur í háskóla. Hann var vígður prestur 1809, var um tíma dómkirkjuprestur í Reykjavík og bjó þá í Breiðholti, en fékk Garða á Álftanesi 1825 og bjó þar til dauðadags. Séra Árni naut mikillar virðingar og var bæði stiftprófastur og biskup að nafnbót.

Fljótlega eftir vígslu tók séra Árne upp þá iðju að segja öðrum til, og var það gert "til að jafna reikninga", eins og hann komst sjálfur að orði. En þegar yfir lauk, hafði hann sent frá sér 27 Íslendinga með stúdentspróf auk tveggja Dana, sem hann útskrifaði, á meðan hann var við nám í Kaupmannahöfn. Þeirra nafnkunnastir eru líklega Sveinbjörn Egilsson kennari og síðar rektor lærða skólans í Reykjavík (stúdent 1810), Baldvin Einarsson (stúdent 1825) og Grímur Thomsen skáld (stúdent 1837) (æfiminning Árna, 70-71). Grímur skrifaði löng eftirmæli um læri-meistara sinn og lýsti honum með orðum, sem gætu verið yfirskrift sérhvers góðs kennara:

En sé nú reyndar sá, sem þetta skrifar, ekki nægilega fær um að leggja dóm á herra Árna sem kennimann, þá getur hann að minnsta kosti borið um, hvernig kennslu herra Árna var varið, og hún var svo, að hann hafði sérstakt og því miður sjaldgæft lag á að vekja athygli lærisveina sinna á öllu því verulega og áriðanda í hverri námsgrein; hann villti þeim ekki sjónar á höfuðefninu með smásmugulegum orðaklofningum og vísindalegu víravirki. Hann vakti tilfinningar þeirra fyrir öllu fögru og merkilegu í því, sem þeir lásu, og lagði mesta stund á að kenna svo, að það, sem numið var, yrði minnisstætt. Sjálfur mun hann hafa verið, vera og verða öllum þeim minnisstæður, sem hjá honum lærðu, bæði með kennslu sinni og eftirdæmi. Það getur vel verið, að lærisveinar hans hafi lært minna eða máske heldur færra hjá honum en latínuskólagengnu mennirnir lærðu í skóla; það er ekki eins víst, að þeir hafi lært það verr. (æfiminning, 13).

Þrátt fyrir fögur ummæli lærisveina, voru skiptar skoðanir um heimaskólana. Baldvin Einarsson, sem sjálfur gat trútt um talað, áleit þá skaðlega, og bar því við, að ekkert eftirlit væri með getu kennara og stúdenta, sem þaðan kæmu. Þeir væru verr að sér en stúdentar úr latínuskólanum á Bessastöðum, en nytu þó sömu réttinda og þeir til embætta (Nanna Ólafsdóttir, 76). Hér er kveðinn upp þungur áfellsdómur, því að margir nýtir menn urðu stúdentar úr heimaskóla. Auk þeirra sem áður hefur verið getið, má nefna, að Jón Sigurðsson forseti tók stúdentspróf hjá séra Gunnlaugi Oddssyni, dómkirkjupresti í Reykjavík, 1829.

Æðri menntun á Íslandi, hvort heldur á Bessa-stöðum eða í heimahúsi, bar þess augljós merki, hvað íslenskt samfélag var staðnað lengi framan af 19. öld. Námsfnið var með svipuðu sniði og verið hafði öldum áður, og lítið hirt um kennslu í verklegum greinum. Bæði einstaklingar og yfirvöld voru þó farin að sýna viðleitni til að kenna landsmönnum hagnýt fræði og betra verklag við dagleg störf. Þar

komu til bæði áhrif upplýsingarstefnunnar og ný viðhorf í hagspeki einvaldanna.

Árið 1842 skrifaði Jón Sigurðsson grein í tímarit sitt, "Ný félagsrit", um skóla á Íslandi. Hann lagði þar til, að skólar yrðu stofnaðir fyrir allar þrjár meginstéttir þjóðarinnar: 1) almúga ("þá sem hafa líkamlega vinnu til aðalathafnar"), 2) meðalstétt (þar er einkum átt við handiðnamenn og kaupmenn) og 3) hina eiginlegu vísindamenn. Þegar Jón ræðir um skóla handa meðalstéttinni, þykir honum liggja beinast við, eins og ástatt var að sameina þennan skóla latínuskólanum, og laga svo latínuskólann, að neðsti bekkur (eða neðstu bekkir) geti verið handa hvorum tveggja, og geta menn þá séð glöggvar en nú, hverjum kennanda er til embætta, og ráðið úr fyrir hinum, sem ekki eru lagaðir til vísinda, heldur til starfa og borgaralegrar athafnar með betra móti og til meiri nytsemdar bæði landinu og þeim, en með því að reka þá úr skóla og svifta þá með því allri menntunarvon marga hverja. (Bl. 149).

Þessar hugmyndir fengu ekki byr undir vængi fyrr en löngu síðar, og nú koma þær kunnuglega fyrir, 150 árum eftir að þær voru kynntar.

Byggðarþróun og barnafræðsla í Garðabæ

Garðabær fékk kaupstaðarréttindi 1. janúar 1976, en hafði verið sérstakt sveitarfélag frá árinu 1878. Fyrir þann tíma var hann hluti af Álftaneshreppi hinum forna.

Árið 1703 fór fram fasteignamat í Álftaneshreppi, en hann náði yfir þau landsvæði, sem nú heyra undir Garðabæ, Bessastaðahrepp og Hafnarfjörð. Við lauslega athugun kemur í ljós, að einkaeign var þá nánast óþekkt í Garðabæ og nágrennabyggðum. Allt þetta mikla landflæmi skiptist á milli konungs og Garðakirkju. Fremur erfitt er að reikna nákvæmlega út hlutföllin, því að eigendur að hjáleigum eru ekki alltaf tilgreindir, og stundum eru óljós mörkin á milli hjáleigna og tómhúsa. Með þeim fyrirvara verður niðurstaðan þessi: Konungur átti 66% lögbýla og hjáleigna í hreppnum, Garðakirkja 30%, en 4% voru í einkaeign (Jarðabók, 159-228). Á sama tíma var tekið manntal á Íslandi, sennilega fyrsta þjóðarmanntal í Evrópu. Þá reyndust íbúar hreppsins vera 532 auk 44 sveitarómaga. Af þeim bjuggu 272 á þeim jörðum, sem síðar heyrðu til Bessastaðasókn (Manntal á Ísland árið 1703, 16-23). Einni öld síðar (1801) voru sóknarbörnin í Garðaprestakalli nákvæmlega 500, þegar manntal var gert, þar af 40 í Hafnarfirði. Í Bessastaðasókn bjuggu þá 357 manns, svo að íbúar í Álftaneshreppi hafa verið samtals 857 (Manntal á Íslandi 1801, 354-377).

Árið 1876 komu fram tilmæli frá 49 búendum í Hafnarfirði þess efnis, að Hafnarfjörður fengi kaupstaðarréttindi. Það var að vísu ekki samþykkt, en ákveðið á fundi 22. febrúar 1878 að skipta hreppnum í tvennt, Garðahrepp og Bessastaðahrepp. Hafnarfjörður skyldi fylgja Garðahreppi. Einhverjar sagnir eru um, að íbúar Bessastaðahrepps hafi verið þessari skiptingu fegnir, því að í Hafnarfirði bjuggu margir þurrabúðarmenn, og voru sumir örbjarga, en framfærsla þeirra lenti nú á Garðbæingum (Lýður Björnsson, 61-62). Um þetta leyti voru íbúar Garðahrepps innan við 800 (Ragnar Karlsson, 44; Garðar Sigurgeirsson, 4). Þegar Hafnarfjörður varð sjálfstæður kaupstaður 1. júní 1908, fækkaði íbúum Garðabæjar niður fyrir 300 og töldust 210 við manntalið 1910. Langflestir hafa á þeim tíma búið á Álftanesi, því að árið 1944 er aðeins getið um tvö hús, þar sem nú er þétt byggð í Goðatúni (Goðatún 9 og 20). Þá voru tveir sveitabæir í nágrenninu, Arnarnes og Hofsstadir, auk Vífilsstaða (B.G. "Þróun byggðar í Garðabæ"). Þegar líður á öldina fer íbúum smám saman fjölgandi og eru rúmlega 580 árið 1950. Eftir það verður fjörkippur eins og hér skal sýnt:

Ár

1955 746

1960 1.013

1965 1.850

1970 2.868

1975 4.108

1980 4.909

1984 5.890

(B.G. "Íbúafjöldi í Garðabæ árið 1980...";

Ragnar Karlsson, 53).

Sérstaka athygli vekur, hve mikil fjölgun verður á sjöunda áratugnum. Helsta ástæðan er sú, að mikill skortur var á lóðum undir einbýlishús í Reykjavík, og voru Reykvíkingar látnir ganga fyrir um úthlutun. En í Garðahreppi var nóg landrými.

Þéttbýlismyndun hófst í Silfurtúni um 1950 að frumkvæði Eyjólfss Jóhannssonar í Sveinatungu, en hann var ættaður frá samnefndum bæ í Norðurárdal. Um svipað leyti voru byggð nokkur íbúðarhús í Hraunsholti. Fram til ársins 1958 átti hreppurinn ekkert land, en þá keypti hann fjögurra hektara spildu, þar sem nú er Lindarflöt. Á næstu árum festi hann kaup á fleiri jörðum til að auðveldara væri að skipuleggja íbúðahverfi í sveitarfélaginu. Nú var landsvæðið ekki lengur í eigu konungs og Garðakirkju, því að flestar konungsjarðir höfðu verið seldar á 19. öld, en ríkisvaldið hafði í reynd slegið eign sinni á jarðir Garðakirkju og fleiri kirkjustaða í landinu, þó að réttur til slíks væri umdeildur (Álitsgerð kirkjueignarnefndar, 111-117).

Árið 1961 voru gerðir samningar við Tryggva Guðmundsson, sem þá var ráðsmaður á Kleppsúinu, en hann átti erfðafesturéttindi á landi, sem hét Landgarður og náði frá Lindarflöt og niður að Hafnarfjarðarvegi. Sama ár var farið að skipuleggja íbúðahverfi á Arnarnesi. Árið 1965 voru samþykkt lög, sem heimiluðu ríkisvaldinu að selja landskíka úr Garðatorfunni fornu. Hreppurinn eignaðist þá allt land vestan Hafnarfjarðarvegjar á milli Arnarneslækjar og Álfanesvegjar, að meðtöldum Engidal. Þar eru nú m.a. Grundir og Ásar. Einnig fékk hreppurinn hluta úr landi Vífilsstaða milli Hraunholtslækjar og Vífilsstaðavegjar (sbr. Alþ. tíð. 1964, A2, 981-983). Hofstaði keypti hreppurinn 1966, 60 hektara land, og þar risu á næstu árum Lundarhverfi, Byggðir og Búðir (Ólafur G. Einarsson: "Litið til baka", 1-2; B.G. "Garðabær verður kaupstaður.").

Flestir þeir, sem settust að í Garðabæ, voru með börn og unglínga á framfæri. Óhjákvæmilegt var annað en að sjá þeim að minnsta kosti fyrir lögboð-inni menntun. Samkvæmt fræðslulögum frá 1946 voru börn skólaskyld á aldrinu 7-15 ára. Við 13 ára aldur áttu þau að taka barnaskólapróf, en síðan tók við tveggja ára nám, sem lauk með unglíngaprófi.

Með góðum vilja má segja, að Garðbæingar hafi verið brautryðjendur um barnafræðslu. Árið 1791 var hafin kennsla í barnaskóla á Hausastöðum á Álfanesi með styrk úr svonefndum Thorchillisjóði, sem kenndur var við Jón Þorkelsson (Thorchillius), rektor í Skálholti. Þá hafði aðeins einu sinni áður tekist að koma á fót barnaskóla á Íslandi. Það var í Vest-mannaeyjum 1745, en sá skóli var lagður niður skömmu eftir 1750. Hausastaðaskóli var einkum ætlaður börnum af fátækum heimilum. Flest voru 16 börn samtímis við nám í skólanum, en vegna fjárhags-erfiðleika varð að loka honum 1812 (Ólafur Þ. Kristjánsson, 7-11; Einar Laxness, 40-41). Eftir þetta segir fátt af skólahaldi í hreppnum fyrr en 1875, þegar Þorsteinn Egilson, kaupmaður og guðfræð-ingur (sonur Sveinbjarnar Egilssonar rektors), tók að kenna börnum í Hafnarfirði. Tveimur árum síðar var Flensborgarskólinn stofnaður af gjafafé, sem Þórarinn Böðvarsson, prófastur í Görðum, og kona hans, Þórunn Jónsdóttir, lögðu fram til minningar um son sinn, Böðvar Þórarinsson. Eftir að Álfaneshreppi hafði verið skipt 1878, breyttu prófastshjónin gjafabréfi sínu, og skyldi nú gjöfinni varið til "að stofna alþýðu- og gagnfræðaskóla, þar sem einnig börn í Garðahreppi geti fengið kennslu, ef Garðahreppur leggur þar til árlegan styrk". Vorið 1908 varð viðskilnaður með Hafnarfjarðarkaupstað og Garða-hreppi, og sama ár tóku gildi fræðslulög um skóla-skyldu barna á aldrinu 10-14 ára. Garðbæingar urðu að bregðast við þessu.

Í nóvember 1908 var lagður grunnur að skóla- og þinghúsi á Garðaholti, og var það fullgert 1911. Í

Þessu húsi var starfræktur skóli, með nokkrum hléum, til ársins 1947, ýmist farskóli eða heimangönguskóli. Frá 1927 var einnig kennt á Vífilsstöðum. Síðan lá skólahald niðri í hreppnum, en nemendum ekið í nágrennahéruð. Við það sat, þangað til Garðbæingar fengu aftur sinn eigin barnaskóla (Bjarni M. Jónsson, 3-13; Setberg, apríl 1961, 33).

Í ágústmánuði 1956 var byrjað að grafa fyrir nýjum barnaskóla í Garðahreppi. Tveimur árum síðar, 18. október, var hann settur í fyrsta sinn, og voru nemendur 137. Skólinn nefndist í fyrstu Barnaskóli Garðahrepps, en fékk síðar nafnið Flataskóli. Fyrsti skólastjórinn var Vilbergur Júlíusson. Skólahúsið var reist í áföngum, 2. áfangi 1963 og 3. áfangi 1965, en byggingarhraði nægði engan veginn til að halda í við fjölgun nemenda. Í blaðinu "Görðum", 7. maí 1966 (bls. 2-3) segir frá því, að um 46,5% íbúa Garðabæjar séu 15 ára og yngri, og að 3,8 börn komi að meðaltali á hverja fjölskyldu. Þetta er sagt vera langt yfir því meðaltali, sem reiknað sé með í skipulagsáætlunum. Til að leysa húsnæðisvanda barnaskólans var keyptur hluti safnaðarheimilis Garðasóknar, sem þá var að rísa í Hofstaðalandi, og 1977 var þar komið útibú frá Flataskóla. Í safnaðarheimilinu voru yngstu börnin, 609 ára. Árið 1980 varð útibúið að sjálfstæðum skóla og nefndist Hofstaðaskóli. Þar tók við stjórn einn af kennurum Garðaskóla, Hilmar Ingólfsson. Hér hefur aðeins verið fjallað um þann hluta skyldunámsins, sem fram fór í barnaskólum. Næst verður vikið að Gagnfræðaskólanum í Garðabæ.

Gagnfræðaskóli og framhaldsdeild

Gagnfræðaskóli í Garðabæ var stofnaður 11. nóvember 1966. Nemendur voru í upphafi 120 í þremur bekkjum (eða árgöngum), sem skiptust í fimm bekkjardeildir. Árið eftir bættist fjórði bekkur við. Fastráðnir kennarar voru sex auk skólastjórans, Gunnlaugs Sigurðssonar.

Þegar skólinn tók til starfa, voru í gildi fræðslulög frá árinu 1946. Eins og áður hefur komið fram, áttu öll börn á aldrinum 7-13 ára að sækja skóla og ljúka námi sínu með barnaprófi. Eftir tveggja ára framhaldsnám var skólaskyldan á enda með unglingsprófi. Þá tók við landspróf miðskóla eða tveggja ára nám til gagnfræðaprófs (lög nr. 22/1946 og nr. 48/1946. Lagasafn I, 1973, 702-703, 709-717).

Gagnfræðaskólinn fékk inni í leiguhúsnæði, sem þá var nýreist við Lyngás. Þar voru sex kennslustofur, en lítið rými fyrir annað skólastarf. Fljótlega fór því að þrengja að nemendum og kennurum skólans. Í fyrstu var ráðgert, að lóðarhafinn, Sveinn Torfi Sveinsson, byggði við húsið, en svo varð ekki.

Sveitarsjóður lét þá reisa, með samþykki hans, nýja álmu til austurs, jafnstóra hinni fyrri, eða 750 fermetra. Nýbyggingin var orðin kennsluhæf í byrjun árs 1970. Í henni voru fimm almennar stofur og tvær sérkennslustofur fyrir eðlisfræði og teikningu og einnig 150 fermetra samkomusalur, sem hreppurinn leigði af Sveini Torfa Sveinssyni eins og alla vesturálmuna (Garðar, 7. febr. 1970, 4). Nú var því marki náð að hafa skólann einsetinn. Þetta var þó aðeins lausn um stundarsakir. Húsið hentaði ekki alls kostar til skólahalds, enda átti þar upphaflega að vera iðnrekstur. En úr því mátti bæta, eins og viðbyggingin vitnaði um og breytingar, sem síðar voru gerðar á húsnæðinu. Öðru máli gegndi um nemendur. Þeim fjölgaði og jafnvel meir en búist var við. Árið 1972 voru 384 nemendur í gagnfræðaskólanum í 14 bekkjardeildum. Nokkur óvissa var um fjölda þeirra árið eftir, en skólastjóri áætlaði, að þeir yrðu varla færri en 410 og komnir yfir 500 í 19 eða 20 bekkjardeildum árið 1975. Flestar kennslustofur voru fullnýttar frá morgni til kvölds, ýmist til kennslu eða annarrar starfsemi á vegum skólans (Sn. "Nemenda-fjöldi og notkun húsnæðis", nóv. 1972).

Húsið við Lyngás var ekki eingöngu notað til kennslu, því að skólinn var þar í sambýli með bókasafni bæjarins. Þetta var lítið safn í einni stofu vesturálmunnar. Sögu þess má rekja til ársins 1966, en þá var fyrst lögð fram ákveðin upphæð til bókasafns á fjárhagsáætlun Garðahrepps. Árið eftir veitti ríkið fé til safnsins, og þá hófust bókakaup. Safnið var þó ekki opnað til útláns fyrr en í lok árs 1968 og hafði þá athvarf í nýrri norðurálmum barna-skólans (Flataskóla). Vegna þrengsla var ákveðið tveimur árum síðar að taka boði Gunnlaugs Sigurðssonar skólastjóra um að flytja bókasafnið í hús gagnfræðaskólans við Lyngás, og þar hafði það aðsetur næstu tólf árin (Garðar, 10. júní 1967, 3; 7. febr. 1970, 4; Erla Jónsdóttir: "Bókasafnið."). Þannig varð til samsteypubókasafn, sem þjónaði bæði nemendum og íbúum Garðabæjar. Augljóst hagræði var að slíku bókasafni. Nemendur og kennarar fengu smám saman meira úrval bóka en þeir hefðu annars átt vöð á, og um leið sparaði bæjarfélagið fé, sem að öðrum kosti hefði runnið til sérstaks bæjarbókasafns.

Heimildir greina, að í kringum 1970 var farið að reifa hugmyndir um að taka upp kennslu í verklegum greinum við gagnfræðaskólann í Garðabæ. Þær nutu stuðnings yfirvalda, en um þær mundir var mikill áhugi á því að efla verkmenntun í skólum. Ef til þess kæmi, yrði að gera bragarbót á húsnæðismálum skólans.

Í byrjun árs 1971 var skipuð byggingarnefnd gagnfræðaskólans í Garðabæ. Í henni sátu Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri og formaður nefndarinnar, Gunnlaugur Sigurðsson skólastjóri, Hallgrímur Sæmundsson yfirkennari, Hjalti Einarsson

verkfræðingur og Svavar Jónatansson verkfræðingur. Ráðnir voru tveir arkitektar, Manfreð Vilhjálmsson og Þorvaldur Þorvaldsson. Framkvæmdir hófust þó ekki fyrr en í lok árs 1974. Um líkt leyti var nær fullbúið veglegt íþróttahús í bænum, og greiddi hreppurinn 2/3 af kostnaðarverði, en ríkið þriðjung (Sn. 14. maí 1975). Í tilefni af því að nýtt skólahús var að rísa af grunni, kom skólastjórinn, Gunnlaugur Sigurðsson, með þá tillögu á fundi skólastjórnar 25. nóvember 1974, að senda hreppsþúum dreifibréf um byggingu gagnfræðaskólans og gefa þeim kost á að finna honum nýtt nafn. Verðlaun skyldu veitt fyrir bestu nafngiftina. Frá þessu var horfið, en ákveðið í byrjun næsta árs, að nafn skólans skyldi vera Garðaskóli, og var það formlega tilkynnt á tíu ára afmæli skólans haustið 1976. Þetta sama haust var fyrsti áfangi nýju byggingarinnar tekinn í notkun. Á afmæli skólans tveimur árum síðar fékk skólinn sitt eigið merki, sem Kristján Jóhannsson myndlistarkennari teiknaði (Valgarður, nóv. 1978).

Árið 1970 voru samþykktar á Alþingi nokkrar breytingar á lögum um gagnfræðaskóla frá 1946. Þá var bætt við tveimur greinum, nr. 65 og 66. Í 65. gr. segir:

„Heimilt er með leyfi menntamálaráðuneytisins að stofna til allt að tveggja ára framhaldsdeilda við gagnfræðaskóla, er taki við nemendum að loknu gagnfræðaprófi eða landsprófi miðskóla samkvæmt nánari ákvæðum, er sett verði í reglugerð.“ (Lagasafn 1973 I, 717).

Í 66. gr. er fjallað um það, hvernig kostnaðurinn af framhaldsdeildunum skiptist milli ríkis og sveitarfélaga.

Vorið 1970 þreyttu nemendur í fyrsta skipti landspróf í gagnfræðaskóla Garðabæjar (Garðar, 30. ágúst 1982). Þaðan fóru flestir í menntaskóla, en þeir, sem urðu gagnfræðingar, áttu fárra kosta vöð, ef þeir vildu halda áfram bóknámi. Framhaldsdeildirnar áttu að bæta hér úr, og nægði próf eftir fyrra árið til þess að komast inn í fyrsta bekk menntaskóla (Heimir Þorleifsson (ritstj.), 100).

Haustið 1973 hófst kennsla í 5. bekk við gagnfræðaskólann í Garðabæ. Þessi atburður markaði þáttaskil í skólasögu Garðabæjar, því að yfirvöld menntamála höfðu fram að þeim tíma efast um, að við gagnfræðaskólann væri unnt að halda uppi kennslu á framhaldsstigi. Jafnframt var rutt úr vegi fyrstu torfærinni á braut þeirra manna, sem tóku stefnuna á nýjan framhaldsskóla í Garðabæ. Í 5. bekk fór fram almennt bóknám, sem skiptist í kjarna og valgreinar. Reynt var að gera verklegum greinum nokkur skil, en það var erfitt, á meðan nýja húsið var enn í byggingu. Þó var hafin kennsla í handið haustið eftir. Þegar grunnskólalögin voru samþykkt 1974,

féllu úr gildi fræðslulögin frá 1946 og lögin um framhaldsdeildirnar frá 1970. Þær héldu þó velli enn um sinn, en ljóst var, að þær mundu í náinni framtíð heyra sögunni til.

Fjölbrautaskólar

Áður en lengra er haldið, er rétt að staldra við og athuga, hvernig það bar til, að fjölbrautaskólum var komið á legg á sínum tíma. Um þetta má fræðast í greinargerð, sem fræðsluráð Reykjavíkur lét taka saman 1971.

Á fundi borgarstjórnar 15. janúar 1970 var lögð fram tillaga frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks um stofnun tilraunaskóla á gagnfræða- og menntaskóla-stigi. Málið var borið undir fræðsluráð, og var því síðan falið að gera drög að skipulagi og námsefni framhaldsskóla, þar sem nemendur gætu valið um fjölbreytt nám og mismunandi námsbrautir. Í júní var Jóhann S. Hannesson skólameistari ráðinn til starfa á vegum fræðsluráðs, og í júlí árið eftir lagði hann fram hugmyndir sínar um skipulag og starfshætti nýja skólans.

Helstu nýjungar í tillögum Jóhanns voru þrjár. Í fyrsta lagi skyldi allt almennt framhaldsnám sameinað í einni kennslustofnun. Í öðru lagi áttu nemendur að fá aukið frelsi til að velja um námsgreinar og bæru þannig meiri ábyrgð á eigin menntun. Loks mælti hann með því, að námsefni hverrar greinar yrði skipt í einingar, en fyrir því var þá fordæmi í Menntaskólanum í Hamrahlíð.

Fróðlegt er að lesa greinargerð Jóhanns, en þar lýsir hann því, hvaðan hugmyndirnar eru komnar:

Að baki tillögunum liggja hugmyndir og hugsjónir, sem á undanfórnum áratugum hefir borið hátt meðal grannþjóða okkar og annarra þjóða, sem okkur eru skyldar að menningu og þjóðfélagsháttum. Hugmyndir þessar eiga sér margvíslegar rætur, allt frá nýjum skilningi á menntun sem arðbærri fjárfestingu, til viðurkenningar á því, að í velmegunarþjóðfélagi verður að endurskoða þær hugmyndir um menntun almennings, sem mótast hafa við fátæktarskilyrði, þar sem geta þjóðfélagsins samsvaraði ekki raunverulegum hugsjónum þess um jafnrétti og einstaklingsgildi.

Jóhann komst svo að orði um markmið skólans, að hann ætti að flytja sameiginlega og óvenju öfluga alþýðumeningu okkar Íslendinga yfir í nútíma þjóðfélag með vaxandi verkaskiptingu og færri sameiginlegar menningarundirstöður í daglegum athöfnum þegnanna: "Í slíkum skóla gefst a.m.k. tækifæri til að tengja menntun nemenda þeirri sameiginlegu reynslu, er áður fékkst við þau

sameiginlegu störf, sem voru kjarninn í menntun og uppeldi landsmanna" (Sameinaður framhaldsskóli, 7-8).

Á sama tíma og Jóhann S. Hannesson vann að tillögum sínum, var að störfum nefnd, sem mennta-málaráðuneytið skipaði 10. júlí 1970 til að fjalla um stöðu verk- og tæknimenntunar á Íslandi. Niðurstöður þeirrar nefndar voru um margt líkar því, sem Jóhann lagði til í álitserð sinni. Meginatriði í tillögum nefndarinnar var "sameiginlegur framhaldsskóli". Í því fólst, að fræðslufirvöld samhæfðu námsskrár skólanna, námið skyldi skipulagt í hverri grein sem röð námseininga og að allt nám á framhaldsskólastigi, bæði bóklegt og verklegt, yrði metið samkvæmt sambærilegu stigakerfi (Um nýskipan verk© og tæknimenntunar á Íslandi, 57, 1-2).

Næst gerðist það, að ríkisvaldið tók málið að sér og lagði fyrir Alþingi (1971-1972) frumvarp til laga um stofnun tilraunaskóla. Frumvarpið varð ekki útrætt, og því var það borið fram að nýju á næsta þingi með lítils háttar breytingum. Nafnið fjölbrautaskóli var nú komið í staðinn fyrir "sameinaður framhaldsskóli", og fellt var niður, að löggin skyldu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku. Einnig var bætt við ákvæði, sem heimilaði stofnun fjölbrautaskóla víðar en í Reykjavík. Frumvarpið var að þessu sinni samþykkt sem lög nr. 14/1973. Í lögunum var lagt til, að menntamálaráðuneytið og Reykjavíkurborg mætti stofna tilraunaskóla, er nefndist fjölbrautaskóli, og yrði hann fyrir nemendur, sem lokið hefðu skyldunámi (1. gr.). Menntamálaráðuneytið skyldi fara með yfirstjórn skólans, sem væri hluti af skólakerfi borgarinnar (2. gr.). Samkvæmt lögunum átti ríkissjóður að greiða 60% af stofnkostnaði skólans, en Reykjavíkurborg 40% (4. gr.). Hér var einungis verið að ræða um einn tiltekinn skóla, en í lögunum var þó heimild fyrir því, að menntamálaráðu-neytið stofnaði fjölbrautaskóla í samvinnu við önnur sveitarfélög, eitt eða fleiri, "með því fyrirkomulagi og þeirri kostnaðarskiptingu, sem lög þessi gera ráð fyrir" (6. gr.) (Alþ. tíð. 1972©73, A1, 514-516; A3, 1322-1323).

Í mörgum sveitarfélögum utan Reykjavíkur var að því stefnt að koma á stofn fjölbrautaskóla, og voru nefndir staðir eins og Sauðárkrókur, Egilsstaðir og Neskaupsstaður á Austurlandi, Selfoss og Keflavík. Í Kópavogi og Hafnarfirði var þegar farið að vinna að málinu. En sveitarfélögin voru misjafnlega fjölmenn og öflug, og ekki treystu þau sér öll til að standa undir þeim stofnkostnaði, sem gert var ráð fyrir í lögunum. Því var það, að menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, lagði fram þá breytingartillögu á næsta þingi (1973©1974), að um kostnaðarskiptingu færi eftir samkomulagi milli menntamálaráðuneytis og mótaðila (Alþ. tíð. 1973©74, A3, 1907©1908). Þessi tillaga var ekki samþykkt fyrr en á þinginu 1976-1977.

Þá var bætt við því ákvæði, að samningur um stofnun fjölbrautaskóla væri háður samþykki fjármála-ráðuneytis eða fjárveitingu í fjárlögum (Alþ. tíð. 1976-77, A1, 307; Lagasafn 1983, I, 797).

Þegar lög þessi öðluðust gildi, voru fjölbrauta-skólarnir orðnir fjórir á landinu: Flensborgarskóli (stofnaður vorið 1975), Fjölbrautaskólinn í Breið-holti (haustið 1975), Fjölbrautaskóli Suðurnesja (1976) og Fjölbrautaskólinn á Akranesi (1977).

Vert er að taka skýrt fram, að þrátt fyrir lög in um fjölbrautaskóla og viðbótarákvæði þeirra, var ekki til nein heildarlöggjöf um framhaldsskóla á landinu. Frumvarp til laga um framhaldsskóla var lagt fyrir Alþingi veturinn 1976©1977, en varð ekki að lögum fyrr en 1989 (Ólafur Ásgeirsson, 649).

Fjölbrautaskóli í Garðabæ

Þessum kafla verður skipt niður í nokkra þætti til hægðarauka, og er hver þeirra auðkenndur sérstaklega.

Hugmyndin

Erfitt er að slá því föstu, hvenær þeirri hugmynd var fyrst hreyft að efna til fjölbrautanáms í Garðabæ. Í fundargerð skólanefndar 22. maí 1974 er dagskrárliður, sem nefnist "Fjölbrautaskóli 1977". Á þeim fundi hóf Gunnlaugur Sigurðsson skólastjóri máls á því, að á næstu þremur árum skyldi unnið að stofnun fjölbrautaskóla í Garðabæ. Jafnframt var rædd sú hugmynd Hjalta Einarssonar að bæta nýrri braut við "fjölbrautaskólann í Garðahreppi". Hér átti Hjalti augljóslega við framhaldsdeild Gagnfræðaskólans, en þá fór þar fram kennsla á brautum líkt og í fjöl-brautaskólum. Á fundi skólanefndar 19. janúar 1975 var hugmynd skólastjóra um fjölbrautanám aftur til umræðu, og var eftirfarandi ályktun bókuð:

"Skólanefnd ítrekar fyrri samþykktir, að Garðaskóli verði jafnframt því að vera fyrir efri árganga grunnskóla, framhaldsskóli með fjölbrautasniði enda hannaður sem slíkur í samvinnu við byggingadeild Menntamálaráðuneytisins."

Rétt er að taka fram, að í byggingadeild var aldrei gert ráð fyrir fleiri árgöngum en tveimur á framhaldsstigi í Garðabæ. Síðan áttu nemendur að fara annaðhvort til Hafnarfjarðar eða Reykjavíkur til að ljúka námi. Í augum Garðbæinga var þetta ekki endanleg lausn, heldur áfangi, sem hægt var að una við fyrst um sinn.

Á fundi í maí var ákveðið, að formaður og ritari skólanefndar gengju fyrir Birgi Thorlacius, ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneytinu og færu fram á bókun varðandi fjölbrautaskóla í Garðahreppi. Ráðuneytisstjóri tók erindi nefndarmanna af skilningi

og óskaði eftir, að þeir legðu fram ákveðnar hugmyndir um nám og brautir í væntanlegum framhalds-skóla, þegar þeir kæmu aftur saman. Upp frá þessu má segja, að stofnun fjölbrautaskóla hafi verið eitt helsta hugðarefni skólanefndar, þar til það mál var til lykta leitt árið 1984.

Næstu mánuði var málið látið að mestu kyrrt liggja, á meðan það var í athugun hjá ráðuneytinu. En í apríl 1976 tók skólanefnd af skarið og óskaði eftir því með bréfi til bæjarstjórnar Garðabæjar, fræðslustjórans í Reykjanesumdæmi og menntamálaráðu -neytis, að heimiluð yrði stofnun "framhaldsskóla í Garðabæ með fjölbrautarsniði". Í bréfinu er mælt til þess, að skólinn taki til starfa haustið 1977 og verði kennt a.m.k. á tveimur brautum, bóknámsbraut og viðskiptabraut.

Á meðan beðið var eftir viðbrögðum embættismanna í ráðuneytinu, var unnið af fullum krafti við að undirbúa fjölbrautanám í Garðabæ undir forystu skólastjóra og samstarfsmanna hans. Málinu var fylgt eftir með bréfaskriftum til ráðuneytisins, og í nóvember var kosið í nefnd til að gera námsáætlun fyrir fjölbrautaskólann. Í nefndinni sátu Gunnlaugur Sigurðsson skólastjóri, Theodóra Steffensen, Rögnvaldur Finnbogason og Hörður Rögnvaldsson. Enn fremur var kennararáði boðið að tilnefna einn mann í nefndina. Í apríl árið eftir var enn ítrekað við bæjarstjórn, að hún leyfði fyrir sitt leyti fjölbrautanám á framhaldsskólastigi í Garðabæ, enda mátti búast við, að útgjöld úr bæjarsjóði mundu aukast. En menntamálaráðuneytið varð einnig að vera málinu hlynnt eins og ævinlega, þegar fyrirhugaðar voru breytingar á starfi skóla og kennsluháttum. Í þessu tilviki var um það að ræða, að forstöðumenn Garðaskóla vildu geta boðið nemendum sínum nýtt framhaldsnám, sem kæmi í stað gagnfræðadeildanna frá 1970. Þegar ljóst var um vorið 1977, að engin fyrirstaða væri lengur í ráðuneytinu, var ákveðið að taka upp áfangakerfi við Garðaskóla strax um haustið.

Að tillögu skólastjóra var fjölbrautanámið í Garðaskóla að öllu leyti sniðið eftir því kerfi, sem var í Flensborgarskóla í Hafnarfirði. Ráðuneytið hafði að vísu ekki fallist á lengra nám en til eins árs (tvær annir), en í Garðaskóla var námsvísir Flensborgarskóla tekinn upp óbreyttur, allt til stúdentsprófs. Kristján Bersi Ólafsson, skólastjóri Flensborgarskóla, sýndi málinu mikinn skilning, og var frá upphafi mjög náíð samstarf milli Garðaskóla og Flensborgarskóla, þó að ekki hafi verið um það neinir skilmálar milli sveitarfélaganna. Kennarar í sömu greinum báru saman bækur sínar, og nemendur úr Garðaskóla gátu farið í Flensborgarskóla, hvenær sem var á námsferlinum og haldið þar viðstöðulaust áfram til stúdentsprófs (Um framhaldsnám, 4).

Verknám

Fjölbrautaskóli í Garðabæ átti ekki aðeins að vera fyrir þá nemendur, sem vildu leggja fyrir sig bóknám, heldur skyldi verknám skipa þar veglegan sess. Skólastjóri Gagnfræðaskólans var eindregið þeirrar skoðunar, að verknám yrði að efla í byggðarlaginu og fékk góðar undirtektir í skólanefnd. Hann kom því til leiðar, að hafin var kennsla á sjóvinnubraut við framhaldsdeild haustið 1975 og átti frumkvæði að því, að sett var á laggir nefnd "til að kanna stöðu verkmenntunar við skólann", eins og segir í fundar-gerð skólanefndar 28. apríl 1975. Um haustið fékk skólastjóri styrk til að ferðast um Skotland og kynna sér þar m.a. verkmenntun í framhaldsskólum. En hér var við ramman reip að draga. Skólastjóri reyndi árangurslaust að fá verklegar greinar inn í fjölbrautarámið, og dugði ekki til, þó að kennararáð Garðaskóla legðist á sveif með honum. Skólanefnd ályktaði sérstaklega um þetta efni og taldi, að verk- og tæknimenntun ætti að hafa forgang í starfi framhaldsskóla í Garðabæ og væri slíkur skóli æskilegri en almennur menntaskóli með bóknámsbrautum. En mjög mikill kostnaður fylgdi stofnun verknámsbrauta, og þess vegna mætti búast við, að þær þyrftu lengri aðdraganda en bóknám. Skólastjóri gat ekki fallist á þessa niðurstöðu nefndarmanna og var sannfærður um, að hvort tveggja, verknám og bóknám, gæti hafist samtímis haustið 1977. Hann vakti athygli á því, að ýmis fyrirtæki innan bæjarins hefðu sýnt áhuga á að greiða fyrir verklegri fræðslu. Í greinargerð um verknámsskóla frá apríl 1977 taldi hann, að neðri hæð skólahússins við Lyngás hentaði allvel fyrir verklega þætti kennslunnar og benti á, að draga mætti úr kostnaði með því að láta nemendur sjálfa koma kennslustofum í lag, smíða borð, stóla og annað, sem nauðsyn bar til. En þrátt fyrir ýmsar leiðir til sparnaðar var yfirvöldum fræðslumála eftir sem áður starsýnt á kostnaðinn. Þegar um þetta var rætt á fundi skólanefndar, kvað fræðslustjóri það ríkjandi skoðun, að koma ætti upp einni verknámsmiðstöð fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð og Bessastaða-hrepp. Iðnskóli Hafnarfjarðar væri þegar vel búinn tækjum til verknáms og því væri eðlilegast, að yfirvöld Garðabæjar og Hafnarfjarðar reyndu að semja um skólavist þeirra nemenda, sem stefndu að iðnámi. Hins vegar kvaðst fræðslustjóri ekki andvígur kennslu í verklegum greinum, ef aðstæður leyfðu. Raunin varð sú, að haustið 1978 var hafist handa með verknám í smáum stíl, þegar bætt var við námsskrána svonefndu tæknisviði, en það fól í sér fiskvinnslubraut og tæknibraut, tvær eða fjórar annir hvor braut.

Rökin

En hvers vegna var lagt svo mikið kapp á að koma upp fjölbrautaskóla í Garðabæ? Það hlaut að vera hagsmunamál foreldra og alls bæjarfélagsins að geta

boðið nemendum sem lengst samfellda skólagöngu í heimabyggð. En fleiri rök má nefna. Mikil fólks-fjölgun var í Garðabæ á þessum tíma. Flestir, sem þangað fluttust, voru á miðjum aldri og oft hjón með börn og unglunga á framfæri. Meðalaldur var því lágur og börn óvenjumörg á skólaaldri, um 50% fleiri en landsmeðaltal sagði til um. Með grunnskólalögnum 1974 var landspróf lagt niður, og mátti þá búast við, að nemendum yrði leiðin greiðari en áður til fram-haldsnáms. Þetta gat valdið öngþveiti í húsnæðis-málum framhaldsskóla. Ekki bætti úr skák, að í frumvarpi til laga um framhaldsskóla, sem lagt var fyrir Alþingi veturinn 1976-1977, var bæjar- og sveitarfélögum ætlað að taka á sig stærri hluta af rekstrarkostnaði skólanna. Af þeirri ástæðu tóku einhverjir að velta því fyrir sér, hvort Garðbæingum og öðru aðkomufólki yrði ekki úthýst, ef þeir leituðu í önnur sveitarfélög til framhaldsnáms (Eyðublaðið, nóv. 1986, 5).

Fulltrúar ráðuneytisins höfðu sínar ástæður til þess að fara hægt í sakirnar og jafnvel spyrna við fótum. Framhaldsskólar voru starfandi í nágretta-byggðum Garðabæjar, Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjavík, og vandséð, að þörf væri á slíkri stofnun í litlu sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu. Dreifbýlinu varð einnig að sinna, og nauðsynlegt var að gæta hófs í útgjöldum ríkisins. Ráðuneytismenn vildu því fyrst láta á það reyna, hvort ekki mætti leysa málið með öðrum og hagkvæmari hætti, t.d. í samvinnu við Flensborgarskóla. Einnig var því borið við, að framkvæmdir við Garðaskóla hefðu tafist, og allt væri því óljóst um húsnæði framhaldsskólans. En fleira kom til. Á meðan frumvarp til laga um samræmdan framhaldsskóla hafði ekki verið afgreitt frá Alþingi, töldu ráðuneytismenn óráðlegt að taka neina ákvörðun um beiðni Garðbæinga.

Baráttan um nemendur

Eftir að fjölbrautánám var komið af stað í Garðabæ haustið 1977, urðu þau rök þyngst á metum í málflutningi skólamanna, að hagsmunir bæjarfélagsins væru í húfi. Eins lengi og framhaldsnámið í Garðabæ væri hálfkarað, héldu nemendur áfram að leita í önnur sveitarfélög. Af því gæti hlotist mikill kostnaður fyrir heimamenn og annað óhagræði, auk þess sem það stæði eðlilegum vexti bæjarins fyrir þrifum. Það yrði því að fylgja málinu eftir og láta ekki staðar numið, fyrr en kominn væri fullgildur fjölbrautaskóli í Garðabæ.

Í upphafi haustannar 1977 létu 117 nemendur innrita sig til framhaldsnáms í Garðabæ, en ári síðar voru þeir ekki nema 52 á fyrsta ári (Sn. Fundargerð 16. ágúst 1978; F.G. Nem.fjöldi). Samtals voru þá 119 nemendur í fjölbrautánami við Garðaskóla. Nokkuð rættist úr á næsta starfsári, haustið 1979, því að þá sóttu 40 nemendur um skólavist á öðru ári fjölbrauta

-námsins, að sögn skólastjóra, en þeir voru 100 á fyrsta ári (Sn. Fundargerð 29. ágúst 1979). Þetta hlaut að teljast viðunandi, því að í "Valgarði" fyrr um árið (mars 1979) hafði því verið haldið fram, að um eða yfir 100 nemendur á fyrsta ári nægðu að öllum líkindum til að réttlæta kennslu í átta annir. Við ákvörðun ráðuneytismanna um úthlutun stundafjöldna var gert ráð fyrir 130 nemendum við fjölbrautánám í Garðabæ (Sn. Fundargerð 29. ágúst 1979). En þá fór aftur að síga á ógæfuhliðina. Óvissa um fram-haldsnámið og samkeppni frá öðrum skólum hafði sín áhrif.

Vorið 1980 luku nálægt 120 nemendur grunnskóla-prófi frá Garðaskóla. Af þeim fóru 102 í framhaldsnám. Þessir nemendur skiptust þannig á skóla:

Í Garðaskóla: 47 nem. (46%)
Í Menntaskólanum í Reykjavík: 34 " (33%)
Í Verzlunarskóla Íslands: 11 " (11%)
Í lðnskólanum í Hafnarfirði: 2 " (2%)
Í Flensborgarskóla: 1 " (1%)
Annars staðar við nám: 7 " (7%)
(Sbr. Um framhaldsskóla, 9; Sn. á ár bréfi bæjarrita til fræðslustj., 19. júní 1980).

Veturinn 1979-1980 voru 82 nemendur úr Garðabæ við nám í Menntaskólanum í Reykjavík og af þeim 34 á fyrsta ári, svo að engum blandaðist hugur um, að hann var helsti keppinatur Garðaskóla um nemendur (F.G. Nem. fjöldi). (Tekið skal fram, að tölur um fjölda nemenda eru ekki hárnákvæmar, og er stundum á þeim fyrirvari í heimildum). Hvað átti til bragðs að taka? Ef fram héldi sem horfði, var örvænt um fjölbrautaskóla í Garðabæ

Á fundi skólaneftdar 30. apríl 1980 var haft eftir skólastjóra, að "góðir og reyndir starfsmenn Garðaskóla óski eftir því að hverfaskipting nái til menntaskóla© eða fjölbrautarnáms í Garðabæ svo sem tíðkaðist í Reykjavík og víðar". Með þeirri tilhögun, sem hér er verið að lýsa, hefðu nemendur úr Garðabæ naumast átt annarra kosta vöð en að fara í framhaldsnám innan sveitarfélagsins. Skólastjóri hafði áður kvartað yfir því, að ýmsir framhaldsskólar veldu úr umsóknum og tækju til sín bestu nemendur, þó að menntamálaráðuneytið ætti að koma í veg fyrir slíkt. Hann kvað sig og kennara skólans stefna eindregið að því, að í Garðabæ kæmi upp góður skóli, en ekki annars eða þriðja flokks (Sn. Fundargerð 2. maí 1977). Einhvern gæti grunað, að hér væri verið að hvetja til áttthagafjötra, en í "Valgarði", fréttu -blaði Garðaskóla (nóv. 1978), voru tekin af öll tvímæli: "Að gefnu tilefni er tekið fram að starfsmenn skólans og skólastjóri hafa engan áhuga á að skylda nemendur til náms í Garðaskóla."

En með einhverju móti varð að sporna við því, að nemendur færu í önnur byggðarlög til framhaldsnáms. Ein hugmyndin var sú að reyna að hafa áhrif á innritun nemenda í aðra skóla. Á fundi skólanefndar 21. maí 1980 skýrði bæjarritari, Rögnvaldur Finnboaga-son, frá því, að hann hefði gengið á fund rektors Menntaskólans í Reykjavík og rætt við hann um leiðir til að samræma innritun nemenda í Menntaskólann og Garðaskóla. Rögnvaldur átti þá við, að rektor tæki ekki eingöngu til sín bestu nemendur úr Garðabæ, heldur léti að einhverju leyti handahóf ráða. Rektor tók þessari málaleitan vel, en um annan ávinning er óvíst. Haustið 1980 lagði skólastjóri fram skýrslu, þar sem borinn var saman árangur nemenda úr Garðaskóla á samræmdu grunnskólaprófi og innritun þeirra í framhaldsskóla. Í skýrslunni kom í ljós, að meðaleinkunn þeirra nemenda (51 að tólu), sem höfðu verið innritaðir í fjölbrautánám við Garðaskóla, var "C", en hún var "B" hjá þeim nemendum, sem fengið höfðu skólavist annars staðar. Skýringin var talin sú, að góðir nemendur veigruðu sér við að halda áfram námi í Garðabæ, á meðan óvissa ríkti um framtíð fjölbraut-anna. Við þessu var aðeins eitt ráð: Garðbæingar yrðu að eignast sinn eigin fjölbrautaskóla.

Lokaáfangi

Skólanefnd Garðabæjar lét ekki þar við sitja, þó að fjölbrautánám væri hafið í litlum mæli, heldur hélt áfram að vinna því máli fylgi í ráðuneytinu að fá fullgildan fjölbrautaskóla í Garðabæ. Í nóvember 1977 hélt hún fund um framhaldsskóla í Garðabæ og bauð til hans kennurum Garðaskóla, nemendum framhaldsdeilda og foreldrum þeirra, þingmönnum kjördæmisins og bæjarstjórn (Garðar, nóv. 1977, 1). Um haustið var stofnað Skólafélag framhaldsdeildar Garðaskóla, og lýsti það þegar yfir stuðningi við áform skólanefndar. Í desember birti stjórn félagsins kynningargrein, þar sem vikið var að framhaldsnámi við Garðaskóla og þeirri óvissu, sem um það ríkti. Síðan er bætt við: "En við reynum að leiða þessa hugsun að mestu leyti hjá okkur og reynum að gæla sem mest við vonina um það, að flestir þeir, sem í dag stunda nám í framhaldsdeildinni, fái hvíta kollinn afhentan í Garðaskóla" (Garðar, des. 1977, 4).

Í desember 1978 barst frá ráðuneytinu bréf, þar sem heimiluð var kennsla fyrir nemendur á fyrsta og öðru ári framhaldsskóla, "svo sem verið hefur undanfarin ár". Hins vegar var ekki fallist á kennslu á þriðja ári "að sinni". Tekið var fram, að um kostnað af námi þessu færi samkvæmt þeim reglum, sem gilda um rekstur grunnskóla. Í bréfi ráðuneytisins var óskað eftir, að námið í Garðabæ yrði í skipulegum tengslum við skóla, sem nemendur gætu síðar sótt í að loknum þessum tveimur árum. Sérstaklega var bent á Flensborgarskóla, en einnig

menntaskólana í Kópavogi og Reykjavík. örðugt hefði verið að laga framhaldsnámið í Garðabæ að skipulagi allra þessara skóla, svo ólíkir sem þeir voru, enda varð engin breyting á samstarfinu við Flensborgarskóla.

Í byrjun árs 1980 tók loks að rofa til um málefni fjölbrautaskóla í Garðabæ. Fimmtudaginn 10. janúar var haldinn fundur á skrifstofu bæjarstjóra, og voru þar komnir fulltrúar skólanefndar og menntamálaráðu-neytis. Indriði H. Þorláksson var einn af ráðu-neytismönnum. Hann efaðist um, að hagkvæmt væri að mennta nemendur til stúdentsprófs í Garðabæ. En ef mönnum sýndist svo, gætu þeir skrifað ráðuneytinu bréf og farið fram á rýmkun framhaldsnáms, þannig að það tæki til fjögurra ára. Þetta var gert síðasta dag janúar. Ráðherra svaraði hálfum mánuði síðar, en bréf hans virðist hafa valdið misskilningi eða vakið tálvonir um, að málið væri endanlega í höfn. Í "Valgarði" (febr. 1980) var fullyrt, að bæjarstjórn Garðabæjar og menntamálaráðuneytið hefðu ákveðið að gera samning um, að Garðaskóli yrði viðurkenndur sem fullgildur framhaldsskóli og heimiluð kennsla í átta annir frá 1. september 1981. Þetta er endurtekið í sama blaði næsta ár (apríl 1981) og staðhæft, "að fyrir liggja samþykkt yfirvalda um kennslu við Garðaskóla allt til stúdentsprófs". Svipuð fregn birtist í "Görðum" í maí 1981. Jafnvel bæjarstjórn leit svo á, að fengist hefði vilyrði fyrir fjögurra ára framhaldsskóla frá og með hausti 1982 (Valgarður, mars 1982).

Sannast sagna var hér fullmikil bjartsýni á ferð. Í áður nefndu bréfi frá 14. febrúar féllst ráðherra á, að fimmta og sjötta önn bættust við fjölbrautarámið frá hausti 1981. Að öðru leyti taldi ráðuneytið ekki tímabært að taka frekari ákvarðanir um framhaldsnám í Garðabæ, "fyrr en ljóst er hvernig málum framhalds-skóla verður skipað með lögum í næstu framtíð", eins og segir orðrétt í bréfinu. Upp frá þessu var farið að tala um Fjölbrautir Garðaskóla.

Afstaða ráðuneytisins hafði lítið breyst tveimur árum síðar. Það má glöggst sjá í bréfi frá ráðherra 1. apríl 1982 eftir fund, sem Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri og samstarfsmenn hans áttu með Jóni Gauta Jónssyni bæjarstjóra og tveimur öðrum fulltrúum Garðabæinga, Rögnvaldi Finnbogasyni og Hjalta Einarssyni. Ráðuneytisstjóri lagði til, að málið yrði í biðstöðu næsta vetur. Ástæðan var m.a. sú, að þá hafði nýlega komið út álit nefndar, sem skipuð var af ráðherra 31. júlí 1981 til að fjalla um fram-haldsnám í Bessastaðahreppi, Garðabæ og Hafnarfirði. Ráðuneytismenn vildu gefa sér góðan tíma til að gaumgæfa þetta mál, áður en fullnaðarákvörðun yrði tekin um framhaldsskóla í Garðabæ.

Hverjar voru þær tillögur, sem nefndin hafði fram að færa? Hún var skipuð fimm mönnum: Helga Jónassyni fræðslustjóra, Herði Lárussyni fulltrúa menntamálaráðuneytis, Gunnlaugi Sigurðssyni skóla

-stjóra Garðaskóla, Kristjáni Bersa Ólafssyni skólastjóra Flensborgarskóla og Steinari Steinssyni skólastjóra Iðnskólans í Hafnarfirði. Nefndarmenn voru sammála um, að varðandi Garðaskóla kæmu tveir kostir til greina:

A. Tveggja ára framhaldsnám í Garðabæ í skipulagslegum tengslum við grunnskólann. Nán samvinna verði við Flensborg að því er varðar námsframboð.

B. Fjögurra ára framhaldsnám í Garðabæ í sjálfstæðum skóla. Nán samvinna verði við Flensborg að því er varðar námsframboð. (Um framhaldsnám, 17).

Nefndarmenn voru ekki einhuga um, hvor kosturinn væri betri. Helgi Jónasson og Hörður Lárusson vildu ekki taka afgerandi afstöðu, en bentu á, að fjögurra ára framhaldsskóli í Garðabæ gæti orðið lyftistöng fyrir bæjarfélagið. Hins vegar væri slíkur skóli ekki æskilegur frá "fjárhagslegum og hagkvæmnis sjónarmiðum". Steinar Steinsson taldi nemendur í Garðabæ ekki nógu marga til að unnt væri að halda þar uppi víðtæku fjölbrautanámi í fjögur ár. Þar hefur hann líklega haft í huga áætlanir um fjölda nemenda við framhaldsnám í Garðabæ, en samkvæmt þeim yrðu þeir ekki fleiri en 200-250 um nánustu framtíð. Þeim gæti jafnvel fækkað verulega, ef eingöngu væri farið eftir tölum frá Hagstofu Íslands um fjölda í árgöngum (Um framhaldsnám, 15). Steinar var á hinn bóginn ekki frábitinn fjögurra ára framhaldsskóla í Garðabæ, ef námsval væri bundið "og því raðað saman úr völdum námseiningum og látvar mynda heildir í formi bekkjarkerfis".

Einungis Kristján Bersi Ólafsson og Gunnlaugur Sigurðsson tóku eindregna afstöðu í málinu. Í nefndarálitinu var haft eftir Kristjáni Bersa, að hvorki væri grundvöllur fyrir né þörf á almennum fjögurra ára framhaldsskóla í Garðakaupstað. Slíkur skóli yrði of lítill til að geta starfað með eðlilegu móti og veitt sömu þjónustu og stærri skólar, en aftur á móti vandkvæðalaust að sjá öllum nemendum úr Garðabæ fyrir skólavist á höfuðborgarsvæðinu, þegar fyrstu tveimur námsárunum sleppti.

Gunnlaugur Sigurðsson hélt fast við fyrri skoðun sína um, að fullgildur fjölbrautaskóli ætti að rísa í Garðabæ og færði að því ýmis rök í sérstakri greinargerð með nefndarálitinu. Bæjarstjórn Garðabæjar lét málið einnig til sín taka og sendi menntamálaráðuneytinu álitargerð um niðurstöður nefndarinnar. Þar er tekið skýrt fram, að tveggja ára framhaldsnám komi ekki til greina. Reynslan hefði sýnt, að nemendur sæktu þá fast að komast í aðra skóla, þar sem þeir gætu lokið námi og tekið stúdentspróf. Enn fremur vísaði bæjarstjórn á samþykktir skólanefndar, skólastjórnar Garðaskóla og foreldraráðs um þetta efni, sem áður hefðu verið sendar ráðuneytinu (Valgarður, mars 1982).

Um þessar mundir gerast tíðindi, sem sumir skólamenn höfðu reyndar séð fyrir, en virðast hafa komið ráðuneytismönnum í opna skjöldu. Vorið 1982 luku þrír nemendur öllu námi til stúdentsprófs á þeim sex önum, sem heimilt var að kenna í Garðaskóla. Viðræður fóru fram á milli embættismanna í ráðuneytinu, skólameistara Flensborgarskóla og skólastjóra og yfirkennara Garðaskóla. Í framhaldi af þeim ákvað ráðherra, að nemendurnir þrír skyldu brautskráðir frá Flensborgarskóla og þannig yrði að málum staðið næstu ár. Tilhögun þessi var Garðbæingum mjög á móti skapi, og nemendur sættu sig ekki við annað en að þeir fengju skírteini sín afhent í Garðabæ með viðhöfn. Ráðuneytið gaf að lokum eftir, og með bréfi 16. desember 1983 var Garðaskóla veitt leyfi til að brautskrá nemendur, sem voru þá að ljúka námi. En það skyldi aðeins gilda þetta eina skipti. Þá varð það, að formaður skólanefndar, Benedikt Sveinsson, tók málið í sínar hendur og fékk því framgengt, að leyfið var endurnýjað í maí 1984 og síðan staðfest til frambúðar af menntamálaráðherra, Ragnhildi Helgadóttur, sama ár.

Viðhorf manna í ráðuneytinu höfðu greinilega breyst, er hér var komið sögu. Nefndar skulu þrjár skýringar, þó að vísast séu þær fleiri. Ein er sú, að fram undir 1980 voru ýmsir þeirrar skoðunar, að fjölbrautaskólar þyrftu að vera mjög stórir, helst ekki færri en 1000 nemendur, til þess að þeir væru hagkvæmir í rekstri og starfið bæri tilskildan árangur. Þá var Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hafður til hlíðsjónar. Slík viðhorf áttu ekki lengur upp á pallborðið, heldur var talið, að minni fjölbrautaskólar ættu rétt á sér.

Í öðru lagi höfðu Garðbæingar á að skipa mönnum, sem börðust mjög ötullega fyrir stofnun fjölbrauta-skóla heima í héraði. Þar koma lengst og mest við sögu Gunnlaugur Sigurðsson skólastjóri og nokkrir fulltrúar í skólanefnd.

Loks er þess að geta, að ráðuneytið hafði veitt Garðaskóla svo miklar ívilnanir með framhaldsnám, að lítið annað var eftir en staðfesting á því, að hann væri orðinn lögmætur fjölbrautaskóli. Í lögfræði-legri álitssgerð, sem tekin var saman fyrir ráðuneytið og dagsett er 6. desember 1983, er vakin athygli á því, að framhaldsdeildirnar við Garðaskóla, sem upphaflega var stofnað til haustið 1978, styðjist í reynd við lögin um fjölbrautaskóla, þó að aldrei hafi verið gert samkomulag milli sveitarfélags og menntamálaráðuneytis, eins og lögin áskildu. Hins vegar hefði ráðuneytið samþykkt mestalla þá kennslu, sem fram færi í skólanum og vantaði ekki nema formlegt samkomulag um stofnun skóla, til að brautskráning gæti farið fram. Niðurstaða höfundar var þessi. "Skóli sem ekki hefur verið formlega stofnaður getur ekki brautskráð nemendur." Samkvæmt þessari álitssgerð hafði ráðherra um tvennt að velja:

að leyfa aldrei frammar brautskráningu stúdenta frá Garðaskóla eða lýsa yfir og staðfesta, að hann hefði öðlast full réttindi sem framhaldsskóli.

Samningur um stofnun Fjölbrautaskóla í Garðabæ var undirritaður í Reykjavík 25. júlí 1984 af menntamálaráðherra, Ragnhildi Helgadóttur, og Guðjóni E. Friðrikssyni fyrir hönd bæjarstjórnar. Fjármála-ráðherra, Albert Guðmundsson, skrifaði einnig undir samninginn, eins og lög gerðu ráð fyrir (nr. 21/1977). Samningurinn tók gildi 1. ágúst.

Samkvæmt 2. grein samningsins skyldi stefnt að því, að nemendur gætu stundað nám á eftirtöldum sviðum: almennu bóknaámssviði, heilsugæslusviði, uppeldissviði og viðskiptasviði. Einnig var samkomulag um að skipa nefnd með fulltrúum Hafnar-fjarðar og Garðabæjar, skólustjórum Flensborgarskóla og Fjölbrautaskóla Garðabæjar og fulltrúa mennta-málaráðuneytis. Um hlutverk nefndarinnar segir svo orðrétt í samningnum:

Nefndin skal fjalla um skipulagningu náms á svæðinu og gera tillögur til menntamálaráðu-neytisins og sveitarstjórna um námsframboð og verkaskiptingu milli skóla með tilliti til hagkvæmrar nýtingar kennsluhúsnæðis og fjármagns. Skal þess jafnan gætt að starfsemi skólanna sé í samræmi við þá heildarstefnu um skipan fram-haldsnáms á svæðinu, sem menntamálaráðuneytið ákveður.

Með þessu var reynt að koma í veg fyrir, að stofnun fjölbrautaskóla í Garðabæ hefði í för með sér það óhagræði og skipulagsleysi, sem ýmsir höfðu varað við bæði á fundum og í nefndaráli.

Í 6. grein samningsins er kveðið svo á, að 60% stofnkostnaðar greiðist úr ríkissjóði, en 40% af rekstraraðila skólans (þ.e. bæjarsjóði). Þetta voru sömu hlutföll og lög mæltu fyrir um við stofnun Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Það var því talið ástæðulaust að semja um aðra kostnaðar skiptingu, þó að löglegt væri, ef í hlut átti sveitarfélag utan Reykjavíkur (sbr. lög nr. 21/1977).

Stofnun Fjölbrautaskólans í Garðabæ bar brátt að, reyndar svo mjög, að ekki vannst tími til að ráða mann í embætti skólameistara fyrir haustið. Þetta rifjaðist upp, þegar skólinn var settur í fyrsta sinn 3. september 1984. Samkomusalurinn var þéttskipaður þrúðbúnum hátíðargestum, sem biðu þess, að stundin rynni upp. En frammi á gangi voru þeir að ræða um það sín á milli Gunnlaugur Sigurðsson skólastjóri Garðaskóla og Þorsteinn Þorsteinsson yfirkennari, hvor þeirra ætti að setja hinn nýja skóla, því að hvorugur hafði fengið til þess formlegt umboð frá ráðuneytinu. Það varð úr, að Þorsteinn tók verkið að sér og mun hafa farist það vel úr hendi þrátt fyrir skamman fyrirvara.

Síðar í sama mánuði var staða skólameistara auglýst laus til umsóknar, og var Þorsteinn settur í hana til eins árs 5. október. Sú ráðstöfun gildi frá 1. ágúst. Árið eftir var hann skipaður í embættið. Þorsteinn hafði verið yfirkennari í Fjölbrautum Garðaskóla frá 1981 og nánasti samstarfsmaður Gunnlaugs Sigurðssonar í lokahrinu þessarar sögu. Merkurum áfanga var náð í sögu Garðabæjar eftir nær áratuga langa baráttu. Nú gátu kennarar, nemendur og aðrir starfsmenn einbeitt sér að því að byggja áfram á þeim grunni, sem lagður var, og koma upp góðum framhaldsskóla, er nyti virðingar bæjarbúa og lands-manna allra.

Ein mótbáran gegn fjölbrautaskóla í Garðabæ var sú, að nemendur yrðu ekki nógu margir til að unnt væri að réttlæta stofnun hans. Í desember 1977 var um það rætt, að ríkið keypti þann hluta af skólahúsinu við Lyngás, sem ekki var í eigu Garðabæjar. Skýrsla var samin í menntamálaráðuneytinu, og var niðurstaðan sú, að þess gerðist ekki þörf, því að fullbúinn gæti Garðaskóli rúmað bæði nemendur grunnskólans og framhaldsdeildanna (Sn. Fundargerð 12. des. 1977; Sn. Frásögn um kaup á Lyngási 7-9...). Þess ber að geta, að framhaldsnámið í Garðaskóla var einungis fjórar annir, þegar skýrslan var tekin saman, og er niðurstaða hennar líklega við það miðuð. Áður hefur verið vitnað í nefndarálit um framhaldsnám í Bessastaðahreppi, Garðabæ og Hafnarfirði, en þar var ekki búist við fleiri nemendum í fjögurra ára framhaldsnámi í Garðabæ en 200-250 fram til ársins 1995. Þetta var einmitt sá fjöldi, sem talið var, að gæti með góðu móti komist fyrir í húsinu við Lyngás, að því tilskildu að hluti kennslunnar færi fram í grunnskólanum við Vífilsstaðaveg (Valgarður, mars 1979). En allar þessar spár hafa brugðist. Lítum fyrst á fjölda nemenda við framhaldsnám í Garðaskóla á tímabilinu 1978©1983:

Haustönn	1978		119	nemendur
Vorönn 1979		115	"	
Haustönn	1979		130	"
Vorönn 1980		126	"	
Haustönn	1980		146	"
Vorönn 1981		142	"	
Haustönn	1981		194	"
Vorönn 1982		186	"	
Haustönn	1982		253	"
Vorönn 1983		246	"	

(Valgarður, apríl 1983).

Á upphafsári Fjölbrautaskólans í Garðabæ, haustið 1984, voru nemendur um 280, en þegar þetta er ritað að lokinni vorönn 1991, eru þeir rétt innan við 500.

Enn er kennt í byggingunni við Lyngás 7-9, og dugir ekki, þó að allmikið leiguhúsnæði hafi bæst við. Nemendur koma ekki aðeins úr Garðabæ heldur einnig úr öðrum sveitarfélögum. Enginn dregur lengur í efa, að það var rétt ákvörðun að stofna Fjölbrautaskólann í Garðabæ.

Nemendur og skólalíf

Haustið 1979 var sú stefna mörkuð af stjórnendum Garðaskóla, að halda aðgreindu grunnskólastigi og framhaldsdeildum, eins og aðstæður leyfðu (Valgarður, maí 1980). Engu að síður höfðu nemendur í fjölbrautanáminu mjög náin samskipti við þá, sem yngri voru, enda um eina og sömu stofnun að ræða. Reynt var að haga því svo til, að öll kennsla grunnskólanema færi fram í nýbyggingu skólans við Vífilsstaðaveg, en fjölbrautanámið í Lyngási. En vegna þrengsla urðu nemendur 9. bekkjar að sækja nám sitt í bæði húsin, og verklegar greinar fjölbrauta fóru að mestu fram í húsinu við Lyngás. Af þessu var talsvert óhagræði. Mikill tími fór í ferðir milli húsa, og Hafnarfjarðarvegur var slysagildra, sem margir höfðu beyg af. áðár þessu rættist ekki fyrr en annar áfangi Garðaskóla var tilbúinn haustið 1984.

Annað var það, sem gerði ferðir nemenda tíðar í Lyngás. Þar fór að mestu fram félagsstarf þeirra. Í janúar 1973 hafði komist á sú venja að hafa "opið hús" í skólanum. Yngri nemendur höfðu tvö kvöld í viku til umræða. Í miðri viku voru klúbbar starf -andi og námskeið haldin, en á föstudagskvöldum voru dansleikir og önnur skemmtiatriði. Þegar fjölbrautir komu til sögunnar, vildu nemendur þeirra vera í sínum hóp, og komu saman einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum.

Haustið 1977 var stofnað Skólafélag framhaldsdeildar Garðaskóla. Í frétt um félagið segir, að það sé " hagsmunasamtök nemenda í framhaldsd. (fjölbrautinni). Það kemur fram fyrir hönd nemenda framhaldsd. gagnvart skólayfirvöldum og aðilum utan skólans og stjórnar félagslífinu í framhaldsdeildinni". Í fyrstu stjórn félagsins voru kjörnir Páll Björnsson (formaður), Reynir Harðarson (ritari) og Birgir Martin Barðason (gjaldkeri). Innan skólafélagsins störfuðu sex félög, og var allt félagslíf framhalds -deildanna á vegum þeirra. Tekið var fram, að samstarf yrði haft við hliðstæð félög grunnskólanema, ef aldur eða annað skipti ekki máli, og voru nefnd sem dæmi taffélag, spilafélag og íþróttafélag. Hins vegar mundu félög eins og skemmtanafélag, blaðaútgáfufélag og menningarfélag einungis starfa innan framhaldsdeildanna (Garðar, des. 1977, 4.

Þrátt fyrir fögur fyrirheit virtist ríkja deyfð og doði yfir félagslífi fjölbrautanema næstu árin. Kennarar höfðu af þessu áhyggjur og tóku málið sérstaklega fyrir í umræðuhópi og á almennum

kennarafundi í janúar og febrúar 1980. Skýringa var helst að leita í því, að flestir þeir nemendur, sem atkvæðamestir voru í félagsmálum, höfðu horfið til frekara náms í aðra skóla. Hér birtust aftur fylgikvillar þess, að nemendur á fjölbrautum gátu ekki lokið námi sínu til fulls í Garðaskóla. Ýmsar leiðir voru nefndar til úrbótar. Ein hugmyndin var sú að kalla saman til málfundar og bjóða til hans nemendum úr framhaldsskólum, þar sem félagslíf væri með blóma. Þeir gætu síðan miðlað nemendum fjölbrautanna af reynslu sinni og gefið þeim holl ráð. Rætt var um, hvort ekki mætti bjóða nemendum kennslu í leiklist, en þá kom það svar, að þeir hefðu sýnt því takmarkaðan áhuga. Jafnframt væri til þess lítið svigrúm, því að "kvótinn" hefði minnkað.

Í umræðuhópnum kom fram sú uppástunga að fá félagi í J. C. til að leiðbeina nemendum um fundarstjórn og málfutning. Þetta var einnig hugleitt á almennum kennarafundi í febrúar, og var Einarí Kristjánssyni námsráðgjafa falið að fylgja málinu eftir. Síðan gerðist það, að félagar í J. C. buðu fram aðstoð sína, og var hún þegin á fundi skólastjórnar 6. febrúar 1981. Þetta voru tímamót, vegna þess að málfundafélagið varð ein helsta driffjöður í félagslífi nemenda og stolt þeirra, þegar frá leið. Nemendur sýndu færni í fleiri greinum en orðsins list á þessum frumberskuárum skólans. Margir þeirra sköruðu fram úr í íþróttum, og heimildir greina frá því, að lið Fjölbrauta Garðaskóla hafi orðið framhaldsskólameistari í blaki 19. mars 1982 eftir úrslitakeppni á Akureyri (Valgarður, mars 1982). %

Eitt er það, sem sett hefur sterkan svip á félagslíf nemenda og reyndar allt skólastarf á vorönn. Þetta eru svonefndir "imbrudagar". Þeir eiga sér nokkurn aðdraganda. Í Garðaskóla hafði verið venja að halda hátíð einu sinni á vetri með skemmtidagskrá, íþróttakeppni og öðru, sem til féll hverju sinni. Einnig var reynt að bregða frá hversdagsönnum á degi skólans 11. nóvember, og var sá háttur upp tekinn 1976, á tíu ára afmæli gagnfræðaskólans (Valgarður, nóv. 1979). Í framhaldsdeild Garðaskóla var jafnan gert ráð fyrir nokkrum frídögum vegna ferðalaga eða annars, sem nemendur skipulögðu í samráði við stjórnendur skólans. Ástæðan var m.a. sú, að vorönn voru ekki settar eins þröngar skorður í dagatali og haustönn. Skilyrðið var það eitt, að kennslutíminn næði 13 vikum. Í mörgum áfangaskólum hefur verið bætt inn nokkrum dögum í stundaskrá vorannar, til að nýta þann rúma tíma, sem þá er. Dagar þessir ganga undir ýmsum nöfnum: "lagningardagar" (Menntaskólinn í Hamrahlíð; orðið er tekið úr fornri íslenskri tímatalfræði og táknar sumarauka), "þorravaka" (Menntaskólinn við Sund), "árdagar" (Fjölbrautaskólinn við Ármúla).

Á haustönn 1979 var sú hugmynd rædd fram og aftur, hvort ekki ætti að sameina í eina heild ýmsa

þætti skólstarfsins, sem ekki féllu að venjulegri stundaskrá, og efna til hátíðar. Ákveðið var að láta á þetta reyna næstu önn, og var síðasta vikan fyrir páskaleyfi valin (24.©28. mars 1980). Næstu árin var ýmist talað um "menningarviku" eða "listaviku" Fjölbrauta Garðaskóla, en heldur voru þessi orð vandræðaleg. Þau hvorki lýstu því að öllu leyti, sem fram fór, né heldur þoldu samanburð við frumlega nafngift í öðrum framhaldsskólum. Á vorönn 1984 hugkvæmdist mönnum að draga úr hirslum fortíðar heitið "imbrudagar", en svo nefndust á öldum fyrr nokkrir föstu- og bænadagar í upphafi hvers fjórðungs kirkjuársins. Þetta þótti vel við hæfi, því að frá vori 1981 hefur það orðið föst venja að bregða á leik og fá tilbreytni í skólastarfi í upphafi lönguföstu (sem hefst með öskudegi). Samkvæmt gömlu tímatali hefjast imbrudagar að vísu ekki fyrr en miðvikudaginn eftir öskudag, en ekki skeikar nema um eina viku.

Fyrsta menningarvikan (eða "hátíð skólans" eins og þá var sagt) var með virðulegu yfirbragði. Sérstök nefnd hafði unnið að undirbúningi með aðstoð bókavarðar, skólastjórnar og tómstundaleiðtoga skólans. Ýmsir gestir komu í skólann og fluttu erindi um ólíkustu efni. Jón Gauti Jónsson, bæjarstjóri "fjallaði um bæjarmál á breiðum grundvelli og svaraði fyrirspurnum". Bergþór áðálfarsson formaður æskulýðs-nefndar ræddi við nemendur, félagar úr Amnesty International kynntu starfsemi sína, tónlist var flutt og kynnt verk íslenskra höfunda, sem ritað höfðu á dönsku. Einnig fóru nemendur í heimsókn til fjölmiðla, skoðuðu sig um hjá Ríkisútvarpinu og Morgunblaðinu og gengu um stofnanir Háskóla Íslands. Þessi hátíð var einnig fyrir nemendur 9. bekkjar. Í dagskrá hátíðarinnar var tekið fram, að kennsla samkvæmt stundaskrá sæti í fyrirrúmi, þó að búast mætti við einhverri röskun. Líkast til hefur mönnum orðið ljóst, að það væri borin von að ætla að kenna á þessum dögum, og fer ekki frekari sögum af þeirri viðleitni (Valgarður, mars 1980, maí 1980).

Fyrsta menningarvikan þótti takast vel, en tæplega verður það sagt um hina næstu. Aðsókn var dræm, en um þverbak keyrði eftir hádegi næstsíðasta daginn (fimmtudaginn 5. mars). Þá mættu einungis fjórir nemendur í skólann, en þaðan átti að fara í skoðunar- og kynnisferð á listasöfn. Sextíu manna rúta hafði verið pöntuð og ráðstafanir gerðar til að fróðir menn tækju á móti myndarlegum nemendahópi á söfnunum. "Þessi atburður er hin mesta svívirða, sem ekki verður endurtekin," stendur bókað í fundargerð skólastjórnar þennan sama dag. Í ljósi þessarar reynslu samþykkti skólastjórn að fella niður þá tvo þætti, sem eftir voru á dagskrá menningarvikunnar. Þar var annars vegar fyrirlestur Guðna Kolbeinssonar og hins vegar kvikmyndasýning ("The Stings" í Laugarásbíói). Daginn eftir var haldinn fundur á sal, og báru nemendur sig illa undan ákvörðun

skólastjórnar. Þótti þeim og súrt í brotið að þurfa að skrifa ritgerðir, á meðan aðrir nemendur færu í skíðaferðalag. Þeir lofuðu að bæta ráð sitt, en á móti féllst skólastjórn á að nema úr gildi úrskurð sinn, "enda verði góð aðsókn tryggð og loks að þeim nemendum sem heima sitja meðan á skíðaferð stendur verði kennt (upprifjun) skv. stundaskrá" (F.G. Fundur skólastjórnar, 6. mars 1981).

Enda þótt á ýmsu hafi gengið á menningarvikum skólans, verður því ekki neitað, að þær hafa fremur örvað félagslíf nemenda. Og án þeirra er öldungis óvíst, að leiklistargyðjan hefði vaknað til lífs í skólanum. Fyrst er getið um leiksýningu á menningarvikunni í apríl 1981. Þar komu við sögu leikfélag Garðabæjar og leikklúbbur Garðaskóla og sýndu "Bónorðið" eftir Chekov. Haustið áður hafði skólastjórn veitt "upprennandi leikfélagi Garðabæjar" aðstöðu til æfinga í húsinu við Lyngás með því skilyrði, að þær hindruðu ekki starfsemi á vegum skólans.

Á menningarviku í apríl 1983 var viðburður í leiklistarlífi Fjölbrauta Garðaskóla. Þá var flutt dramatísk óperetta eftir Þór Jónsson, einn af nemendum skólans. Nefndist hún "Lagsþvæla". Efnið var unnið upp úr Laxdæla sögu og samin við það bæði lög og söngvar eða gamlir slagarar teknir til brúks. Á sýningu þessari þreyttu frumraun sína söngvarar, sem síðar hafa getið sér frægðarorð á listabrotinni.

Á imbrudögum 1985 fór fram fyrsta leiksýning, eftir að Fjölbrautaskólinn í Garðabæ varð til. Þá sýndi leikhópurinn Jörnugrandur gamanverkið "Nakinn maður og annar í kjölfötum" eftir Dario Fo í safnaðarheimili Garðakirkju. Síðan hafa leiksýningar verið nokkuð árvissar á imbrudögum skólans.

Í flestum framhaldsskólum tíðkast að láta nýgræðinga sæta alls kyns harðræði, áður en þeir eru teknir inn í samfélag nemenda. Aðfarir þessar nefnast nú busavígsla. Þær eru fyrir löngu orðnar gróin hefð í gömlu menntaskólunum, en nýspróttir fjölbrautaskólar eru enn að leita fyrir sér, og því geta vígslusiðir þar verið breytilegir frá einu ári til annars. Í Menntaskólanum í Reykjavík er fyrst getið um tolleringu 1888, en ræturnar liggja miklu dýpra (Heimir Þorleifsson (1978), 11). Benedikt Gröndal skáld (sonur Sveinbjarnar Egilssonar rektors) hefur lýst því, hvernig farið var með nýsveina á Bessastöðum (Dægradvöl, 71-73). En slóðina má rekja lengra aftur, um Hólavallarskóla og til Skálholts. Prófasturinn í Görðum, Árni Helgason, hefur látið okkur eftir frásögn um vígslusiði nemenda í Skálholti á 18. öld.

Þegar skóli hafði verið settur, söfnuðu eldri nemendur ("antiqui") öllum nýsveinum ("novi") saman til að kenna þeim að "heiðra aldurinn". Þetta vissu foreldrar, og reyndu að forða sonum sýnum frá misþyrmingum með því að fá einhvern úr hópi eldri

nemenda, svonefnda "tutora", til að vernda þá. En í staðinn fékk tutor greidda þókkun, og nýsveinn varð að sýna honum þjónustulund.

Séra Árni í Görðum minnst á fimm vígsluathafnir. Þær voru þessar: "Bál". Eldri nemendur settust flötum beinum á gólfið og sneru fótum saman. Bundið var fyrir augu nýsveina og þeir leiddir yfir fætur hinna, sem spörkuðu óþyrmilega, svo að lá við stórmeiðingum. "Pressa". Nýsveinn var króaður af í horni, og síðan lögðust eldri nemendur á hann og þjörmuðu að honum, þangað til hann veinaði." "Járning". Lyft var fótum nýsveina og farið að öllu eins og þegar hestar eru járnaðir, nema í stað hamars var hnefinn notaður. "Skírn". Farið var með nýnema í laugar að Laugarási. Þar voru þeir kaffærðir þrisvar afturábak og þrisvar áfram og gefin einhver viðurnefni. (Nemendur í Hólavallarskóla voru skírðir inni í Laugarnesi). "Snorri". Eldri nemendur komu sér fyrir í einhverri vistarveru skólans. Byrgt var fyrir allar glugga, svo að niðamyrkur var inni. Síðan var nýliðum hleypt inn. Upphófust þá hróp mikil, öskur og barsmiðar, og lumbraði hver á öðrum. Þetta var gott tækifæri til að ná sér niður á náunganum, en einkum urðu nýsveinar illa úti (Árni Helgason: "Frásagnir...", 75-77; Benjamín Kristjánsson, 251©253).

Fyrsta busavígslan í Fjölbrautum Garðaskóla fór fram mánudaginn 15. september 1980:

Fimmtudaginn fyrir vígsluna fórum við karlmenn -irnir (vegna þyngsla efnisins) niður á Mjólkur -samsölu á Willisnum hans "Bubba" með kerru og náðum í 100 l af mánaðargömlu mjólkurgumsi. Geymdum við efnið hjá Franz [Jezorski] fram yfir helgi til þess að gumsið yrði nógu úldið. Föstudaginn fyrir busavígsluna héldu böðlarnir svo fund á sal í hádeginu. Þar skipulögðu þeir vígsluna. Þann sama dag var náð í sagið. Sunnudaginn fyrir busavígsluna útbjuggu Ólafur [áðálfarsson] og Franz tunnu góða og teppalögðu tunnuna. Mánudaginn fór svo vígslan fram. Byrjaði hún kl. 12.50 með ræðu Ingva Þorkelssonar [kennara] og var mjög svo niðurlægjandi fyrir busa. Eftir ræðuna var þeim smalað inn í stofu 12 og 13. Síðan var einn og einn tekinn út úr stofunum og var þá sprautað á þá vatni. Því næst voru þeir bornir út að tunnunni og dýft í gumsið og hent sagi á þá. Síðan voru busarnir leiddir inn í stofu 11 og fengu þar kók. (Ólafur áðálfarsson: "Busavígsla og ball.").

Aðfarir þessar mæltust illa fyrir, og beitti skólastjórn sér fyrir því, að nýnemar fengju framvegis hlýlegri viðtökur í upphafi annar.

Í áfangaskólum er sérstök nauðsyn á að hlúa vel að félagslífi nemenda, ef það á ekki að lognast út af. Ein leið til að efla samkennd nemenda og ná til

Þeirra allra á stopulur stundum er að gefa út blað, og það hefur nemendafélagið gert síðan 1984, þegar Gjallarhorn sá fyrst dagsins ljós. Blómlegt félagslíf er mikilvægt hverjum skóla, því að menntun er ekki einvörðungu það, sem lært verður á bók, heldur alhliða þroski, er gerir nemendur hæfari að takast á við lífið í sinni margbreytilegu mynd.

Apríl 1988
Gunnar F. Guðmundsson

Heimildir:

Óprentaðar heimildir:

”Bókasafn Garðabæjar (B.G.)

Garðabær verður kaupstaður. Ritgerð. Höf.: Ragnhildur Skúladóttir og Guðný Margrét Kristjánsdóttir, 1987.

Heimildaritgerð um Garðabæ. Höf.: Árni Gunnarsson, 1986.

Skólamál í Garðabæ. Ritgerð. Höf.: Ása Karín Bjarnadóttir, 1987.

Íbúaföldi í Garðabæ árið 1980 og mannfjöldaspá til aldamóta. (Tekið saman af Erlu Jónsdóttur).

”Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, skjalasafn (F.G.)

Fundargerðir skólastjórnar 1980 og 1981.

Nem. fjöldi (mappa þannig merkt).

”Menntamálaráðuneytið, skjalasafn (Mn.)

(Bréf til bæjarstjórnar í Garðabæ) 15. des. 1978.

(Bréf til Helga Jónassonar fræðslustjóra) 15. des. 1978.

Framhaldsnám í Garðabæ (bréf) 14. febr. 1980.

(Bréf til skólastjóra Garðaskóla) 29. janúar 1982.

Framhaldsnám í Garðabæ (bréf til bæjarstjórnar í Garðabæ) 1. apríl 1982.

(Bréf til skólameistara Flensborgarskóla um braut-skráningu stúdenta úr Garðabæ) 1. apríl 1982.

(Lögfræðileg álitargerð, merkt 6.12.83, Ó.K.Ó.).

(Bréf til skólastjóra Garðaskóla um brautskráningu stúdenta) 16. des. 1983.

(Bréf til skólastjóra Garðaskóla um brautskráningu stúdenta) 15. maí 1984.

Samningur um stofnun fjölbrautaskóla í Garðabæ. Reykjavík 25. júlí 1984.

”Skólanefnd Garðaskólahverfis, fundargerðir og fylgiskjöl• (Sn.)

Fundargerðir 1972-1983.

Nemendafjöldi og notkun húsnæðis. Höf.: Gunnlaugur Sigurðsson. Nóv. 1972.

(Bréf skólanefndar til bæjarstjórnar Garðabæjar um stofnun fjölbrautaskóla). Apríl 1976.

Greinargerð með ályktun skólanefndar um stofnun fjölbrautaskóla í Garðabæ. Apríl 1976.

Verkleg kennsla. Höf.: Gunnlaugur Sigurðsson. Apríl 1977.

(Greinargerð skólastjóra um umsóknir nemenda í framhaldsskóla) 16. sept. 1977.

Námsárangur nemenda 9. bekkjar 1978©1979 í samræmdum prófum borinn saman við umsóknir í fjölbrautir Garðaskóla fyrir haustönn 1979.

Frásögn um kaup á Lyngási 7-9 í Garðabæ fyrir skólahald. Höf.: Indriði H. Þorláksson, menntamála-ráðuneytinu. 14. (4.?), 1978.

(Bréf bæjarritara til fræðslustjóra) 19. júní 1980.

”Þjóðskjalasafn Íslands• (Þ. Í.)

Steingrímur Jónsson [bréf til skólastjórnarráðsins í nóv. 1807] (Sk.2. 1807©1815).

Prentaðar heimildir:

Alþingistíðindi 1964, A2; 1971, A2; 1972-73, A1, A3; 1973©74, A1, A3; 1976©77, A1.

Álitargerð kirkjueignanefndar. Fyrri hluti, 1984.

Árni Helgason: "Frásagnir um skólalíf á Íslandi um aldamót 18. og 19. aldar." Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmenta að fornu og nýju, IV. Kbh. og Rvk. 1907-1915.

Árni Helgason: "Lýsing Garðaprestakalls 1842." Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess, III. Rvk. 1937^a39.

Árni Óla: "Hólavallarskóli." Gamla Reykjavík. Sögukaflar. Rvk. 1969 (2. útg.).

Benedikt Gröndal: Dægradvöl. Rvk. 1965.

Benjamín Kristjánsson: "Skálholtsskóli." Skálholts-hátíðin 1956. (Útg. 1958).

Bjarni M. Jónsson: "Drög að skólasögu Garðahrepps." Setberg [blað Flataskóla], maí 1968.

Bjarni Thorsteinsson: [ævisaga skráð af honum sjálfum]. Merkir Íslendingar II. Rvk. 1947.

Einar Laxness: Íslandssaga a©k. Rvk. 1974.

Erla Jónsdóttir: "Bókasafnið." Valgarður, 1. tbl., apríl 1983.

Erla Jónsdóttir: "Samsteypubókasafnið í Garðabæ." Sveitarstjórnarmál, 1. h., 1977.

Eyðublaðið, 1. árg., 3. tbl., nóv. 1986. "Garðaskóli 10 ára." [Greinin birtist upphaflega í skólublaðinu Níðhöggi 1976.]

Garðar, blað sjálfstæðismanna í Garðahreppi, 1. árg., 7. maí 1966; 6. des. 1969; 7. febr. 1970; nóv. 1977; des. 1977; maí 1981; 30. mars 1982.

Garðar Sigurgeirsson: "Garðabær. Nýr kaupstaður." Sveitarstjórnarmál, 1. h., 1977.

Heimir Þorleifsson (ritstj.): Saga Reykjavíkurskóla I. Rvk. 1975.

Heimir Þorleifsson: Saga Reykjavíkurskóla II. Rvk. 1978.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Kbh. 1923©1924 (ljóspr. 1982).

Jón Helgason: "Árni Helgason." Merkir Íslendingar VI. Rvk. 1957.

Jón Jónsson, sjá Ragnar Karlsson

Jón Sigurðsson: "Um skóla á Íslandi." Ný félagsrit,
2. ár, 1942.

Kristján Bersi Ólafsson: "Þegar við Jón Böðvarsson
urður (mafiu)bræður." Jarðeinabók Jóns Böðvarssonar.
Rvk. 1990.

Lagasafn 1973, I. Rvk. 1974.

Lagasafn 1983, I. Rvk. 1984.
Lýður Björnsson: Saga sveitarstjórnar á Íslandi II.
Rvk. 1979.

Manntal á Íslandi árið 1703. Rvk. 1924-1947.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. Rvk. 1978.

Nanna Ólafsdóttir: Baldvin Einarsson og þjóðmálastarf
hans. Rvk. 1961.

Ólafur Ásgeirsson: "Aðdragandi að stofnun fjölbrauta
-skóla á Akranesi." Jarðeinabók Jóns Böðvarssonar.
Rvk. 1990.

Ólafur G. Einarsson: "Litið til baka © verkefni
framundan." Garðar, 1. árg., 1. tbl., 7. maí 1966.

Ólafur Þ. Kristjánsson: "Hausastaðaskólinn."
Setberg, mars 1982.

Ólafur Úlfarsson: "Busavígsla og ball." Valgarður,
4. árg., 4. tbl., sept. 1980.

Páll Eggert Ólason: Jón Sigurðsson, I. bindi:
Viðbúnaður. Rvk. 1929.

Ragnar Karlsson og Jón Jónsson: Garðabær. Byggð
milli hrauns og hlíða. Garðabæ 1992.

Sameinaður framhaldsskóli. Tillögur og greinargerð
fræðsluráðs Reykjavíkur um stofnun tilraunaskóla á
gagnfræða- og menntaskólastigi. Fræðsluskrifstofa
Reykjavíkur, júlí 1971 (fjöl.).

Setberg, apríl 1961. "50 ára gamalt hús." (Bl. 33).

Skarphéðinn Gunnarsson: "Félagslíf nemenda."
FG-fréttir, 2. árg., 1. tbl., mars 1985.

Um framhaldsnám í Bessastaðahreppi, Garðabæ og
Hafnarfirði. Nefndarálit. Janúar 1982 (fjöl.).

Um nýskipan verk© og tæknimenntunar á Íslandi.
Nefndarálit. Menntamálaráðuneytið, júní 1971
(fjöl.).

Valgarður, fréttablað skólastjórnar, 1. árg., maí 1977; nóv. 1978; mars 1979; nóv. 1979; febr. 1980; mars 1980; maí 1980; nóv. 1980; apríl 1981; sept. 1981; mars 1982; apríl 1983.

Vilhjálmur Þ. Gíslason: Bessastaðir. Þættir úr sögu höfuðbóls. Akureyri 1947.

Þorkell Jóhannesson: Saga Íslendinga VII (1770-1830). Rvk. 1950.

Þorsteinn Þorsteinsson: "Ávarp skólameistara." Gjallarhorn, 1. tbl., nóv. 1984.

Þorsteinn Þorsteinsson: "Formálsorð." FG-fréttir, 1. árg. 1. tbl., okt. 1984.

Þórunn Valdimarsdóttir: Snorri á Húsafelli. Rvk. 1989.

Æfiminning Árna byskups Helgasonar eptir einn af lærisveinum hans. Rvk. 1877.

Heimildarmenn:

Árni Gunnarsson, Erla Jónsdóttir, Gunnlaugur Sigurðsson, Helgi Jónasson, Hjalti Einarsson, Hörður Lárusson, Ingvi Þorkelsson, Ólafur G. Einarsson (frásögn á hljóðsnældu í eigu bókasafns Garðabæjar), Rögnvaldur Finnbogason, Vilbergur Júlíusson, Þorsteinn Þorsteinsson.